

**L Ö G****um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 5. gr. laga nr. 88 17. des. 1948, um breyting á lögum nr. 91 frá 19. júní 1933, um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk, hef látið fella breytingarnar inn í lög nr. 91 frá 1933, og gef þau út svo breytt.

**1. gr.**

Bannað er að flytja til landsins niðursoðna mjólk og þurrmjólk.

**2. gr.**

Komi það í ljós, að vöntun verði á niðursoðinni eða þurrkaðri mjólk, getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu um stundarsakir frá ákvæðum 1. gr., ef framleiðsluráð landbúnaðarins mælir með því.

**3. gr.**

Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum frá 200—5000 kr., og renna þær í rikissjóð. Ólöglega innflutt mjólk skal upptæk gerð og andvirði hennar renna í rikissjóð.

**4. gr.**

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglu-mála.

**5. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 22. júlí 1949.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Bjarni Ásgeirsson.*

**AUGLÝSING****varðandi ferðalög milli Íslands og Saar.**

Ákveðið hefur verið, að samkomulag milli Íslands og Frakklands frá 5. og 7. júní 1947, um afnám vegabréfsáritana fyrir borgara annars landsins, sem ferðast vilja í hinu, skuli einnig ná til Saar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánrikisráðuneytið, 28. ágúst 1949.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gunnlaugur Pétursson.*